

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögdum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni:

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	16.400 kr.	5.500 kr.	5.500 kr.	5.500 kr.
660 l ílát	49.100 kr.	16.400 kr.	16.400 kr.	
140 l ílát	9.600 kr.			3.200 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. 27.400 og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærra ílát.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald kr. 29.500 af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er:

Úrgangstegund	Kr./kg án vsk	Kr./kg m. vsk	Gjaldskyldir
Blandaður úrgangur	55	68,20	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur	60,48	75	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast og annað óflokkað plast – án úrvinnslugjalds	60,48	75	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast með úrvinnslugjaldi (s.s brúsar, fötur)	5,50	6,82	Fyrirtæki/einstakl.
Heimilisplast	5,50	6,82	Fyrirtæki
Blandaður pappír/pappi	17,74	22	Fyrirtæki
Bylgjupappír		0	
Timbur, hreint	9,67	12	Fyrirtæki/einstakl.
Timbur, litað	19,35	24	Fyrirtæki/einstakl.
Garðaúrgangur, trjábólir, greinar og jarðvegur	4,83	6	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	9,67	12	Fyrirtæki/einstakl.
Sláturúrgangur	28,20	35	Fyrirtæki/einstakl.

Lífrænn heimilisúrgangur	21,77	27	Fyrirtæki
Heyrúlluplast, áburðarpokar – hreint		0	
Hjólbarðar		0	
Málmar		0	
Spilliefni, raftæki		0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 38.000 kr.			Einstaklingar
Komugjald fyrir losun án klippikorts á gjaldskyldum úrgangi – 500 kr.			Fyrirtæki/einstakl.

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) kr. 1.200 m³.

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

Klippikort með 5 m³ af gjaldskyldum úrgangi er í boði fyrir þá sem greiða sorpeyðingargjald.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 23. október 2023 og staðfest af sveitarstjórnunum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum. Frá sama tíma fellur úr gildi sama efnis gjaldskrá nr. 1566/2022.

Strönd, 23. október 2023.

Eggert Valur Guðmundsson,
formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

B-deild – Útgáfudagur: 7. desember 2023